

67

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir $\frac{3}{4}$ alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annarra umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

68

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „200 þúsund kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 komi: 300 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkvæmt 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal framlag ríkissjóðs hækka til samræmis við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingu íveruhúsa, miðað við sömu vísitölu 1939. Hækkunin reiknast þó ekki af hærri höfuðstóli en 125000 kr.

2. gr.

11. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangs verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður

meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft 68 framlag.

27. júní

3. gr.

- a. Á eftir orðunum „500—1500 krónur“ í næstsíðustu mgr. 12. gr. sömu laga bætist: að viðbættum þeim hundruðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar.
- b. Í stað „6000 krónur“ í sömu lagagr. komi: 9000 krónur.

4. gr.

22. gr. sömu laga fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

5. gr.

23. gr. sömu laga, sem verður 22. gr., orðist þannig:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýlastjórnar, og takast þau ásamt kostnaði við skrifstofuhald af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

6. gr.

Í stað „nýbýlastjóra í störfum hans“ í 24. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn í störfum hennar.

7. gr.

- a. Í stað orðanna „nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra“ í a-lið 26. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.
- b. Í stað „nýbýlastjóri“ á tveim stöðum í b-lið sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
- c. Í stað „nýbýlastjóri“ í c-lið 2. í sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
- d. Í stað „Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða“ í c-lið 4. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.
- e. Í stað „Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða“ í c-lið 5. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.

8. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í niðurlagi fyrri málgr. 28. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

9. gr.

- a. Í stað „nýbýlanefndar“ í 2. tölul. 30. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.
- b. Í stað „nýbýlanefndar“ í 3. tölul. sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

10. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í 1. tölul. 31. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn — og í stað „nýbýlanefnd“ komi: hún.

11. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í 33. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

12. gr.

- a. Í stað „3500“ í 34. gr. sömu laga komi: 4500.
- b. Í stað „nýbýlanefndar“ í sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

Í stað „3500“ á tveim stöðum í 36. gr. sömu laga komi: 4500.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur millum stjórn þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.

Í stað „nýbýlastjóra“ í síðustu málsg. 38. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

Í stað „nýbýlastjóri“ á 3 stöðum í 39. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði laganna um fjárframlög úr ríkissjóði til sjóðsins til ársins 1941. Þegar þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 frá 1938 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um sparisjóði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, án þess stofnendur eða aðrir eigendur og ábyrgðarmenn hafi rétt til ágóða af rekstrarafgangi starfseminnar.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, og mega engar aðrar stofnanir reka nein sparisjóðsstörf án sérstakrar lagaheimildar.

2. gr.

Ekki má stofna sparisjóði nema með leyfi ráðherra þess, er fer með bankamál, enda hafi umsagnar sparisjóðseftirlitsins áður verið leitað. Stofnendur geta verið félag einstakra manna, bæjarfélag, sýslufélag og hreppsfélag, að fengnu leyfi sýslu- nefndar.